

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2017, 16. október, var haldinn 65. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.34. Fundinn sátu, Eva Einarsdóttir, Þórlaug Ágústsdóttir, Eva Baldursdóttir, Áspór Sævar Áspórsson, Björn Gíslason, Lára Óskarsdóttir, Eydís Blöndal og áheyrnarfulltrúinn Jón Ingi Gíslason. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Óskar J. Sandholt og Helga Björg Ragnarsdóttir. Fundarritari var Sandra Dröfn Gylfadóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á stöðu mála varðandi innleiðingu á stjórnendaupplýsingahugbúnaði Qlik Sense.
- Kl. 13.46 tekur Eva Baldursdóttir sæti á fundinum.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Stjórnkerfis- og lýðræðis þakkar fyrir greinargóða kynningu á innleiðingu Qlik Sense, nýjum stjórnendaupplýsingahugbúnaði sem nú hefur verið tekin í notkun á vegum Reykjavíkurborgar. Framsetning Qlik Sense býður upp á mun myndrænni framsetningu sem ætti að stækka notendahópinn og það er ánægjulegt. Ráðið bindur miklar vonir við notkun kerfisins sem bæði eykur skilvirkni og hagkvæmni og stuðlar að bættum ákvörðunum byggðum á betri upplýsingum.

Hörður Hilmarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. október 2017, um samþykkt borgarstjórnar á breytingum á samþykkt fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð, ásamt fylgigögnum.
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. október 2017, um samþykkt borgarstjórnar á breytingum á samþykkt fyrir umboðsmann borgarbúa, ásamt fylgigögnum.

Fundi slitið kl. 14.09.

Þórlaug Ágústsdóttir
Eva Baldursdóttir
Björn Gíslason

Eva Einarsdóttir

Áspór Sævar Áspórsson
Lára Óskarsdóttir
Eydís Blöndal